

Aðili	inntak	viðbrögð
umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun veitti umsögn varðandi verkefnið á lýsingarstigi sem hægt er að líta til. Umhverfisstofnun mun ekki veita umsögn um verkefnið á kynningarstigi, en stofnunin áskilur sér rétt á að veita umsögn á síðari stigum.	Engin viðbrögð
Vegagerðin - Suðursvæði	Vegagerðin saknar umfjöllunar um samgöngur í greinargerðinni, með tilliti til hver verður aðalakstursleiðin til og frá svæðinu, hversu mikil aukning verður í umferð og eru áform um að auka almenningssamgöngur eða annan ferðamáta samhliða þessum breytingu.	umferðargreining verður unnin fyrir svæðið. Drög hafa borist til skoðunar
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	Huga þarf að víkjandi starfsemi	



Reykjanesbær
B/t: Gunnar Kristinn Þór Ottósson
Tjarnagata 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbæ 19. júní 2024

Efni: Vatnsness M9, nr. 175/2024: Breyting á aðalskipulagi. Umsögn HES.

Vísað er til erindis sveitarfélagsins, dags. 29. maí sl., þar sem óskað er umsagnar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar um breytingu aðalskipulags á miðsvæði Vatnsness, M9.

Breytingarnar fela helst í sér fjölgun íbúða á reitnum sem og breytingu orðalags í kafla 4.4.1. Í breyttum texta er að sjá tilvísun eða neðanmálgrein nr. 25 sem þó er ekki að finna í skjalinu.

Vert er að benda á að samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heilbrigðiseftirliti heimilt að gefa út starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og samþykkja skráningar í samræmi við reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, að uppfylltum skilyrðum sem um starfsemina gilda og gildandi skipulagi. Í fyrrgreindum lögum er ekki sérstaklega kveðið á um iðnaðarstarfsemi heldur iðnað sem er starfsleyfis- eða skráningaskyldur. Á reitnum má finna fjölmörg fyrirtæki sem eru ýmist með gild starfsleyfi eða gilda skráningu og ekki fyrirséð að þau nái að uppfylla ákvæði í lið 4.4.1 og eru þeim skilningi víkjandi. Ófyrirséð er hvernig staðið skal að því að leggja niður skráningaskylda starfsemi þar sem fyrirtækjaeigendum hugnast ekki að færa sig um set með vísan til úrskurðar ÚUA nr. 124/2023.

Umsögn um breytingar á aðalskipulagi skipulagssvæðis M9 á sama málsnúmeri var síðast veitt þann 12. mars þ.á. Ábendingar í þeirri umsögn eru áfram gildar þrátt fyrir þessa umsögn þar sem um óverulegar breytingar er ræða frá fyrri umsagnabeiðni.

Heilbrigðiseftirlitið leggur til að tekið sé tillit til þessara þátta við skipulagsvinnuna. Þá hefur embættið tekið til skoðunar þá þætti sem helst eiga við starfssvið þess og gerir ekki frekari athugasemdir við breytingar á aðalskipulaginu.

Virðingarfyllt,

J. Trausti Jónsson, heilbrigðisfulltrúi.

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

B.t. Gunnars Kr. Ottossonar, arkitekts
Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar
gunnar.k.ottosson@reykjanesbaer.is



Umsögn vegna aðalskipulagsbreytingar fyrir Vatnsnes, svæði M9, Reykjanesbæ.

Tilvísun nr. 0175/2024

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar breytingu á aðalskipulag fyrir Vatnsnes, svæði M9, Reykjanesbæ, sem unnið er af Kanon arkitektum og VSÓ verkfræðistofu dags maí 2024.

Vegagerðin saknar umfjöllunar um samgöngur í greinargerðinni, með tilliti til hver verður aðal akstursleiðin til og frá svæðinu, hversu mikil aukning verður í umferð og eru áform um að auka almenningssamgöngur eða annan ferðamáta samhliða þessum breytingu.

Síða 1/1

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar:
Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is